

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 1. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 25. nóv. 1994.

**Mættir voru:** Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Kristmundur Halldórsson, Ágúst Oddsson, Marteinn Valdimarsson Kristján Auðunsson, Sigurður Þórhallsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

Formaður setti fund og bauð menn velkomna. Þessi fundur er fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. að loknu ágætu ársþingi L.H. á Hvolsvelli 28.-29. október s.l. sem var hið 45. í sögu samtakanna.

### 1. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Á ársþinginu var Guðmundur Jónsson endurkjörinn sem formaður L.H. til næstu tveggja ára. Núverandi varaformaður er Guðbrandur Kjartansson. Formaður lagði til að gjaldkeri yrði Sigfús Guðmundsson en hann gengdi því embætti áður og jafnframt lagði formaður til að Halldór Gunnarsson verði ritari. Fundurinn samþykkti tillögu formanns um skipun þessara manna.

### 2. Farið yfir ályktanir 45. ársþings.

Formaður las og skýrði þingskjöl og afgreiðslu þeirra.

Pinggerð 45. ársþings L.H. lá frammi í handriti en var ekki dreift nú. Þingið fjallaði um 30 tillögur og voru þær allar afgreiddar með formlegum hætti. Helstu samþykktir þingsins fjalla um:

- |              |   |
|--------------|---|
| Pingskjal 3  | fjárhagsáætlun 1995.  |
| Pingskjal 4  | breytingu á 5. gr. laga.  |
| Pingskjal 5  | reglugerðarbreyting agamála fyrir L.H. og HÍS.  |
| Pingskjal 8  | um bætt uppl.kerfi varðandi breytingar á lögum og reglum.   |
| Pingskjal 9  | varðar hve oft hross mega koma fram á sýningum á sama mótinu.   |
| Pingskjal 10 | fjallar um lyfjapróf á sýningum kynbótahrossa.  |
| Psk.11 og 12 | varða reiðvegi og landeigendur.   |
| Pingskjal 13 | varðar reglugerð um lyfjaeftirlit fyrir hross.  |
| Pingskjal 14 | varðar breytingar á reglugerð um gæðingakeppni.   |
| Pingskjal 23 | fjallar um endurskoðun reglna um gæðingakeppni.   |
| Pingskjal 28 | varðar samstarf L.H. við Hólaskóla um kennslugögn og námsefni í hestamennsku.                         |
| Pingskjal 29 | fjallar um áframhaldandi vinnu skipuritsnefndar og formanna-fund á útmánuðum um skýrslu nefndarinnar. |
| Pingskjal 30 | fjallar um endurskoðun á mótaaldi innan L.H.  |

Stjórnin yfirlíður allar tillögur þingsins (30) ræddi þær eftir því sem tilefni gafst til. Framkvæmdastjóra var falið að senda tillögur og ályktanir áfram til viðkomandi aðila eftir því sem við á.

Tölubarverðar umræður urðu um einstakar tillögur og þingskjöl.

### **3. Skipað í starfsnefndir.**

Formaður hóf umræðu um nefndaskipan á vegum L.H. fyrir næsta ár, 1995.

Eftirtaldir voru skipaðir í ráð og nefndir:

#### **Ferða- og umhverfismálaneftnd.**

Nefndarskipun frestað. Sigurði P. falið að leggja fyrir næsta fund tillögu að verkefni fyrir nefndina sem nefndin gæti unnið að á næsta ári. Til er starflýsing fyrir nefndina. Þessa starflýsingu þarf að endurskoða. Sigurði falið að leggja fram hugmynd að nýrri starflýsingu á næsta fundi stjórnar.

#### **Fræðslu- og útgáfuneftnd.**

Miklar umræður urðu um útgáfumál vegna námsefnis og kennslugagna í hestamennsku. Rætt var um samstarf bændaskólanna og L.H. varðandi útgáfumál. Þá var rætt um kostnaðinn sem orðinn er alltof hár fyrir þá sem sækja námskeið í hestamennsku.

Varðandi samstarf við bændaskólana var minnt á þingskjal 28 sem fjallar um að leita samstarfs við Hólaskóla um útgáfumál, er varðar hestamennsku og kennslu í henni.

#### **Lyfjaeftirlitsnefnd.**

Guðbrandur ræddi um ýmislegt sem snertir starf lyfjaeftirlitsnefndar. Fleiri tóku til máls um lyfjaeftirlit o.fl.

Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina:

Guðbrandur Kjartansson formaður, Kristján Auðunsson og Helgi Sigurðsson.

#### **Skipuritsnefnd.**

Nefndin sem starfaði á síðastliðnu ári skilaði áfangaskýrslu á ársþinginu á Hvolsvelli. Stjórnin ákvað að nefndarmenn vinni áfram að því málefni sem nefndin var kölluð til. Nefndina skipa frá L.H.:

Kári Arnórsson, Guðbrandur Kjartansson og Skúli Kristjónsson.

### **4. Önnur mál.**

#### **a) Bréf frá Fáki Reykjavík.**

Í bréfinu kemur fram ósk hestamannafélagsins Fáks um viðræður við stjórn L.H. um staðarval fjórðungsmóts á Suðurlandi 1996. Stjórn Fáks telur í bréfinu að Fákur sé í stakk búinn að halda mótið. Formanni falið að svara þessu bréfi Fáksmanna.

#### **b) Bréf frá hestamannafelaginu Geisla í Breiðdal.**

Formaður las bréf frá Pétri Behrens hestamannafelaginu Geisla í Breiðdal. Félagið varð fyrir tjóni þegar keppnisvöllur félagsins flaut burt í miklu flóði er Breiðdalsáin ruddi sig og flæddi yfir vallarsvæðið

og olli miklum skemmdum á vellinum. Félagið hyggst byggja nýjan völl og óskað er eftir því að stjórn L.H. komi að þessu máli. Litið er svo á að ríkisvaldið ætti að styðja við bakið á félagssamtökum þegar þau verða fyrir tjóni af völdum náttúrafla. Málið verði kannað m.a. við þingmenn og ríkisvald.

- c) **Bréf frá Erni Þorvaldssyni Kópavogi.**  
Bréfið er varðandi breyttar reglur um gæðingakeppni o.fl. Vísað til milliþinganefndar um keppnismál og afrit sendist til form. Geysis.
- d) **Bréf frá landbúnaðarráðuneyti.**  
Formaður lagði fram bréf landbúnaðarráðuneytis, sem setja skal reglugerð varðandi ný lög um búfjárhald. Óskað er eftir fulltrúa L.H. í nefnd er undirbýr samningu reglurgerðar hvað hross varðar. Ath. verður með Helga Eggertsson sem okkar fulltrúa.
- e) Lögð fram gróf fjárhagsstaða og greiðsluáætlun stjórnarmönnum til upplýsinga.
- f) Nokkrar lauslegar umræður um tekjur o.fl. af síðasta landsmóti svo og mögulegar umsóknir um það næsta.
- g) Formaður greindi nokkuð frá nefndarstörfum sínum um málefni Stóðhestastöðvarinnar í Gunnarsholti.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit formaður fundi kl. 18:45.

Guðbrandur Kjartansson,  
Jón Bergsson  
Kolbrún Kristjánsdóttir  
Kristján Auðunsson

Ágúst Oddsson  
Sigbjörn Björnsson  
Marteinn Valdimarsson  
Guðmundur Jónsson.